

48 Grunnjald kr. 50.00 á ári af hverri heimtaug og auk þess kr. 1.00 af hverju þús-  
23. marz undi króna af brunabótamati húsa og mannvirkja.

Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna, af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund. Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjórn samrýmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný skal þó heimtaugargjaldið miðað við það mat.

Heimtaugargjald það, sem að ofan getur, nær aðeins til einnar heimtaugar fyrir hvert hús. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir reikningi.

#### IV. OPNUNARGJALD

##### 1. Vanskil.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 10.00.

##### 2. Óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrir en notandinn hefur greitt kr. 10.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Eskifjarðar nr. 197 23. desember 1940.

*Atvinnumálaráðuneytið, 23. marz 1948.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

#### AUGLÝSING

49  
30. marz

um breyting á reglugerð um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða, frá 23. sept. 1947, nr. 131.

Í stað orðanna „kl. 23“ í 6. gr. 1. mgr. reglugerðarinnar komi: kl. 24.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 30. marz 1948.*

**Emil Jónsson.**

*Þórhallur Ásgeirsson.*